10.12.15. 15088/16.

Samþykkt þann
06. jan. 2016
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði




Byggingarlýsing:
Reykjavíkurvegur 64, mhl 04 var byggður um 1980 og hefur verið sem verslunarhúsnæði. Húsnæðinu er núna skipt upp í tvær eignir. verslun á efri hæð og lagersölu á neðri hæð. Stigi á milli hæða sem ekki hefur verið notaður lengi er tekin að hluta burtu. Stigaopinu er lokað að ofan með 22mm spónarplötu og ofna á er gólf lagt með steinteppi, milli gólfbita er sett 100mm steinullareinangrun og klætt að neðan með 3x 13mm gifsplötum. Flóttaleið fyrir fyrstu hæðina er sett í norðausturhorn hússins, þar er sett hurð, stálsvalir og stálhringstigi.
Neðri hæð sem er eitt stórt rými, er innréttað í vörumóttöku, skrifstofu, lager og sýningarsvæði, gluggar eru settir á austurgafl. Fyrsta hæðin er innréttuð sem verslun, skrifstofa, starfsmanna-aðstaða og lager.
Nýir milliveggir eru gerðir úr stálstoðum, klæddir með 2x13mm gifsplötum og einangraðir með 50 mm steinullareinangrun til hljóðeinangrunar þar sem við á.
Báðar hæðir eru hitaðar upp með ofnum.
Á lóðinni vestan verðri eru 36 bílastæði sem eru í sameign allra eignarhluta á lóðinni, á austari hluta lóðarinnar eiga þær eignir sem eru með innkeyrsluhurðir sérafnotarétt af lóðinni sem nemur breidd á innkeyrlsuhurðunum og 5m út frá þeim.

Stærðir:

| | Fermetrar | Rúmmetrar |
|---|---|---|
| Neðri hæð | 271,2 | |
| Efri hæð | 246,0 | |
| Samtals: | 536,5 | 2.010,8 |

**Brunavarnalýsing - Reykjavíkurvegur 64**
**BRUNAVARNIR**
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf. (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 15-165) í ágúst 2015 fyrir Reykjavíkurveg 64, Hafnarfirði, mál BH nr. 15-165).

Flokkun og notkun byggingar
Verslun á efri hæð er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.
Lager og tengd rými á neðri hæð eru í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.

Brunahólfun
Neðri hæð, lager, sýningarsalur, vörumóttaka, kaffiaðstaða og fundarherbergi er eitt sterkt brunahólf.
Efri hæð, verslun, lager og starfsmannarými eru eitt sterkt brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R90.
Hæðaskil eru talin vera a.m.k. REI90/EI90.

Klæðningar
Innanhúsklæðningar verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Upphengd loft verða úr A-efnum.

Flóttaleiðir
Frá verslun á efri hæð eru tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur flóttaleiðin er í gegnum lager um hringstiga sem afkastar 50 manns.
Frá lager á neðri eru tvær flóttaleiðir. Lengsta flóttaleið að útgangi reiknast u.þ.b. 30 metrar en má vera allt að 45 metrar. Lengsta flóttaleið í eina átt er u.þ.b. 10 metrar.
Frá kaffiaðstöðu í kjallara er flóttaleið í eina átt u.þ.b. 10 metrar. Flóttaleiðin að útgangi reiknast 25 metrar sem er vel innan við 45 metrar.
**Frávik:** Ásættanlegt er talið að önnur flóttaleiðin á efri hæð sé í gegnum lager þar sem um er að ræða tiltölulega litla verslun og ekki mikinn fólksfjölda eða mest u.þ.b. 50 manns skv. staðli.
Flóttahurðir frá verslun skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".

Brunaviðvörunarkerfi
Samtengdir reykskynjarar verða í helstu rýmum á báðum hæðum sem tengjast viðurkenndri vaktstöð um öryggiskerfi.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

Slökkvitæki
*Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu staðsett í verslun á* efri hæð og lager og kaffistofu á neðri hæð.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Útljós verða við flóttahurðir.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í verslun og lager á efri hæð og á lager, sýningarsal, kaffiaðstöðu í kjallara og vörumóttöku á neðri hæð.

15.09.2015
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

**Yfirfarið af brunahönnuði**
Gunnar H. Kristjánsson
*brunaverkfræðingur*
14.9.2015

## Reykjavíkurvegur 64
Hafnarfjörður
Afstöðumynd

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað : | ff | Verknúmer : | 1506 |
| Mælikvarði : | 1/100 | Dagsetning : | 25.08.2015 |

Teikn.nr. 100

Aðalhönnuður :
Friðrik Friðriksson arkitekt Faí, Kt: 211256-4519

**Studio F - arkitektar**
Kelduhvammur 6, 220 Hafnarfjörður
Kt: 430707-1670 S: 571 0202 / 864 9610 Netf: studiof @ islandia.is